

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

6. september 2023. 146. tbl. 21. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is



FÓTBOLTI

Stolt Kópavogs

Karlalið Breiðabliks í knattspyrnu er komið í sögubækurnar eftir að hafa tryggt sér sæti í riðlakeppni Sambandsdeildar Evrópu með sigri gegn Struga frá Norður-Makedóníu. Blíkar leika sex leiki í riðlakeppninni í vetur. Breiðablik getur ekki spilað heimaleikina á Kópavogsvelli. Ljósmynd: Breiðablik

Efnisyfirlit

■ Bókasafn	2
■ Hjartarætur	4
■ Styrkur	6
■ Pönk	6



Pönkaraganan /4



Fyrirbyggjandi æfingar /8



Hamraborg festival /14

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar** sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum

Húsgagnahöllir: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúgger:** 30% afsláttur af öllum inniháttum. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Park:** 30% afsláttur af öllum vörum nema ívottunum. **Z. brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðjan:** 30% afsláttur af írrenlaetisakjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

RÉTTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA

Smiðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

BÚNINGAR OG SKRAUT FÝRIR OKTÓBERFEST

PARTÝBÚÐIN

Vissir þú að í Þýskalandi byrjar Októberfest í SEPTEMBER?

Októberfest

Faxafeni 11 - Sími 534 0534 - partybudin.is

Varmi

Sérhæfum okkur í réttinum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi
Við réttum og sprautum
Auðbrekku 14 Kópavogi - S: 564 2141
www.varmiehf.is

Kjötbúð í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA

KJÖTHUSIÐ
Kjötvinnsla

Smiðjuvegur 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is



Reykjavíkurdæturnar Ragga Hólm og Steinunn Jónsdóttir leiðbeina rappsmíðju.

MENNING

Litríkt og skemmtilegt menningarhaust í Kópavogi

Viðburðadagskrá menningarhúsanna haustið 2023 liggur nú fyrir en framundan er fjölbreytt og skemmtilegt menningarhaust þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Fjölskyldustundir á laugardögum verða á sínum stað en alla laugardaga næstu mánuði verður boðið upp á smíðjur þar sem hægt verður að spreyta sig á fjölbreytilegu handverki, kynna sér undur vísindanna og

skapa listaverk. Smíðurnar eru haldnar á víxl í Náttúrufræðistofu, Gerðarsafni, Salnum og á Bókasafni Kópavogs, aðalsafni og Lindasafni. „Í fjölskyldustundunum verður hægt að smíða langspil, búa sér til jólaþeysu, gera sjávargrafík og búa

til rapplag, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Elísabet Indra Ragnarsdóttir, verkefna- og viðburðastjóri menningarmála, og bætir við að frábær hópur leiðbeinenda haldi utan um þessar metnaðarfullu smíðjur.

Viðburðaraðirnar Menning á miðvikudögum og Foreldramorgnarnar á fimmtudögum hefja einnig göngu sína núna í september en þar verður boðið upp á vandaða fyrirlestra, fjölbreytta tónleika, listamannaleidsagnir og Kársnesrölt svo dæmi séu nefnd. Auk þess munu nýir fastir liðir verða á dagskrá; tónlistarhópurinn SKERPLA verður með mánaðarlega tónleika inni í sýningunni Skúlpútur / Skúlpútur í Gerðarsafni sem opnar í lok september og Söngdeild FÍH mun bjóða upp á notalega jazztónleika í hádeginu, síðasta fimmtudag hvers mánaðar á Bókasafni Kópavogs.



Bæjarlistamaðurinn Lilja Sigurðardóttir.



Una Torfadóttir.

Bókaklúbbur bæjarlistamannsins og Söngvaskáld

„Okkar skeleggi bæjarlistamaður, Lilja Sigurðardóttir, rithöfundur, heldur úti viðburðaröðinni Bókaklúbbur bæjarlistamannsins. Þar setur hún glæpasöguna í frjótt og skemmtilegt samhengi. Fyrsti viðburðurinn í röðinni fór fram í tengslum við Hinsegin daga og tókst frábærlega vel og framundan eru fjölbreyttir krimmaviðburðir svo sem ritsmiðja, spurningakeppni og glænýjar glæpasögur í jólabókafloðinu“ segir Elísabet Indra.

Í lok september verða fyrstu tónleikarnir í glænýrri tónleikaröð í Salnum sem ber heitið Söngvaskáld. Á Íslandi er að finna gífurlegan fjölda hæfileikaríkra tónlistarmanna sem semja og spila eigin lög, í öllum mögulegu tónlistarstefnum. Söngvaskáld mun beina athygli að þessum listamönnum, varpa ljósi á margvíslegar aðferðir listamanna við lagasmíðar og gefa þjóðþekktum lögum meiri djúpt sem fylgir

því að heyra sögur af tilurð þeirra. „Það er engin önnur en Una Torfadóttir sem mun stíga fyrst á stökk í þessari nýju tónleikaröð. Una er ótrúlega spennandi og flott tónlistarkona sem gaf út sína fyrstu plötu, Flækt og týnd og einmana, árið 2022 og hlaut Kraumsverðlaunin fyrir. Hún hlaut svo verðlaun fyrir söng ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2023,“ segir Elísabet Indra sem er verulega spennt fyrir þessari nýju tónleikaröð Salarins og bætir við að aðrir listamenn raðarinnar séu Unnsteinn Manuel, Axel Flóvent, Hildur og Klara.

„Dagskráin framundan er full af fjöri og andlegri næringu. Við erum í góðu samstarfi við ólíkar hátíðir og menningarstofnanir og fáum til liðs við okkur frábæra leiðbeinendur, fræði- og listafólk svo úr verða mjög metnaðarfullir og fjölbreyttir viðburðir. Ég hvet alla til að kynna sér dagskrána og koma sem oftast til að upplifa hið blómlega menningarlíf sem fyrirfinnst í Kópavogi“ segir Elísabet Indra að lokum.

LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Opið: 11-16
alla virka daga
Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



NÝ TÆKNI!

NÝ BYLTINGARKENND HEYRNARTÆKI MEÐ ÞREMUR HLJÓÐNEMUM

- Hljóðnemi í hlustinni notar hæfni eyrans til að safna upplýsingum sem heilinn þarf til að skilja hljóðin.
- Auðveldara að taka þátt í samræðum í virku hljóðumhverfi.
- Betri talgreining um leið og bakgrunnshávaði er lágmarkaður í háværu hljóðumhverfi.
- Fjarþjónusta. Fáðu heyrnartækin þín stillt án þess að mæta á staðinn.

FAGLEG ÞJÓNUSTA HJÁ LÖGGILTUM HEYRNARFRÆÐINGI

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

HLÍÐASMÁRI 19, 2.HÆÐ · 201 KÓPAVOGI · SÍMI 534 9600

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Kópavogsblaðið slf,
kt: 620513-1800

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is

Hönnun: Guðmundur Árnason
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com
Prentun: Landsprent.

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | S. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allur arður af þjónustunni rennur til rekstur kirkjugarðanna




VIÐ ÓSKUM BREIÐABLIK

TIL HAMINGJU MEÐ AÐ KOMAST Í RIÐLAKEPPNI
SAMBANDSDEILDAR EVRÓPU

 **NORMX**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS



Bónus - lágvörverslu

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN


errea


HEGAS

 SMÁRALIND

Allt í boltann
Jói útherji
www.joiutherji.is

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

LEMON

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

TENGI

BRIKK
ÞRAUÐ Í ELDHÚS


vörður


VÍKUR
V • E • R • K



**STÓRKOSTLEGUR
ÁRANGUR**

ÁFRAM BREIÐABLIK


UEFA
EUROPA
CONFERENCE
LEAGUE



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.

SUBARU NISSAN HONDA HYUNDAI RENAULT DACIA

Þjónustuverkstæði bifreiða síðan 1961

Sérhæfum okkur í þjónustu á bílum frá BL, bensín, diesel og rafbílum frá Subaru, Nissan, Renault, Isuzu og Honda.

Einnig sérhæfum við okkur í hjólastillingum og loftkælingum bifreiða.

Afgreiðslutími: Mánudaga til fimmtudaga 8-17 og föstudaga 8-15



Smiðjuvegi 22 (græn gata), sími: 567 7360, bfo@bfo.is, bfo.is 

ÚTGÁFA

Hjartarætur – sagan hans pabba



Margrét Júlía með bókina sína Hjartarætur fyrir utan húsið þar sem sagan gerist.

Út er komin bókinn Hjartarætur – sagan hans pabba. Höfundur er Margrét Júlía Rafnsdóttir, Kópavogsbúi til áratuga, kennari við Snælandsskóla í meira en 20 ár og sat jafnframt í bæjar-

stjórn Kópavogs um tíma. Margrét Júlía ólst þó upp í miðbæ Reykjavíkur, nánar tiltekið á Týsgötu 8 við Óðinstorg, sem einmitt er sögusvið bókarinnar og spannar sagan meira en hundrað ár.

„Afi minn byggði húsið og pabbi bjó þar í meira en hálfa öld,“ segir Margrét. „Pabbi var einstakur maður og geta allir borið vitni um það er þekktu hann. Hann fór allt of snemma. Ég var mikil pabbastelpa og að missa hann, ég þó komin hátt á fertugsaldur, var mjög erfitt. Að pabba stóðu margir stólpur og langaði mig að kafa betur í sögu hans og í raun að skoða hvað það er sem gerir fólk að góðu fólki. Ég veiktist illa af Covid í mars 2020, ein af þeim fyrstu hér á landi og var lögð inn á spítala. Þar lá ég á stofu þar sem pabbi lá banaleguna. Sagan hans varð áleitin og ákvað ég þá að ekki væri eftir neinu að bíða að skrá hana. Ég hófst því strax handa, í raun á spítalanum. Þegar heim kom þurfti svo að grafa upp ýmsa pappíra og bréf til að vinna úr. Ég ákvað að gefa bókina út sjálf og hefur sagan fengið mjög jákvæðar umsagnir hjá þeim sem hafa lesið hana.“

Margrét Júlía gefur sjálf út bókina og hægt er að kaupa hana beint. „Það má hafa samband við mig í margretjulia@gmail.com til að kaupa bók og einnig ef einhver hefur áhuga á að taka einhver eintök til sölu. Svo kemur hún vonandi á bókasöfn innan tíðar og jafnvel sem hljóðbók. Í bókinni eru einnig margar myndir sem fólki hefur þótt gaman að skoða.“

SKIPTISTÖÐIN

Pönkganga með Dr. Gunna

Híð heimsfræga Kópavogspönk var í stóru hlutverki á Hamraborg Festival í síðustu viku. Dr. Gunni leiddi Pönkgöngu um fornar slóðir og sagði pönksögur. Hin alræmda Skipti-

stöð var opnuð í tilefni dagsins. Fræbblarnir léku svo á Catalinu ásamt Dr. Gunna og ekki ómerkari hljómsveitum en Sóðaskap, Boob Sweat Gang og Afterparty Angel.



KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Auglýstu líka á kopavogsbladid.is

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórðarsson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson



FIMLEIKAR ERU FYRIR ALLA!



Íþróttafélagið Gerpla býður uppá fimleika fyrir byrjendur og lengra komna á öllum aldri!

Fimleikar eru frábær grunnur fyrir allar íþróttir, við hvetjum alla til að prófa!

Frábær félagsskapur, framúrskarandi þjálfarar og endalaus gleði sem fylgir því að hreyfa sig við allra bestu aðstæður sem finnast í Evrópu

Allar upplýsingar finnur þú á **GERPLA.IS**
eða sendu okkur línu á **GERPLA@GERPLA.IS**
skráning fer fram á **SPORTABLER.COM/SHOP/GERPLA**

- KRÍLAFIMLEIKAR
- GRUNN- OG FRAMHALDSHÓPAR
- HÓPFIMLEIKAR
- FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA
- PARKOUR
- FULLORÐINSFIMLEIKAR
- ÁHALDAFIMLEIKAR
- ÁHÖLD OG STYRKUR
- FIMLEIKAR FYRIR ALLA



SJÁUMST Í FIMLEIKUM HJÁ GERPLU Í VETUR!

LESLYNDI

Viðburðir á Bókasafni Kópavogs

Bæjarlistamaðurinn Lilja Sigurðardóttir verður með skemmtilegan bókaklúbb í vetur.

Bodið var upp á sumarlestur fyrir fullorðna í fyrsta skipti í sumar sem fékk það fallega heiti Leslyndi. „Nafnið datt inn á borð hjá okkur í vor og við gátum ekki látið það fram hjá okkur fara, svo dásamlegt að vera leslynd, það er í raun það sem lýsir okkur bókaormunum hvað best,“ segir Lísá Valdimarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs. Í sumar var því Instagram-síða safnsins undirlögð af ummælum lánþega um bækur sem lesnar voru yfir sumarmánuðina og fleiri bókum sem starfsfólk valdi inn.

Vikulegir vinningshafar voru dregnir út og almenn ánægja var með verkefnið. „Í vetur vinnum við áfram með Leslyndið en í nýjum búning þegar við fáum til okkar þjóðþekktu bókaunnendur sem deila eftirlætis höfundum og bóka-kveikjum með gestum. Ævintýri og

ástarsögur, dagbækur og draumaráðningar, sigildar sögur og samtímaverk. Orðið er frjálst. Pétur Gunnarsson verður fyrsti bókaunnandinn þann 20. september. Þórarinn Eldjárn, Silja Aðalsteinsdóttir og Guðrún Eva Mínervudóttir stíga svo á stokk í október og nóvember. Leslyndið er hluti af viðburðar-röðinni Menning á miðvikudögum og verða erindin því kl. 12:15,“ segir Lísá.

Þá hefjast fastir liðir í viðburðadagatali safnsins nú í september, þar má nefna Lesklúbbinn Lesið á milli línanna sem hittist fyrsta fimmtudag í mánuði en nú á nýjum tíma kl. 15. Þrjónaklúbburinn Kaðlín og bókaklúbburinn Hananú! verða áfram á miðvikudögum. Foreldramorgnar, menning á miðvikudögum og fjölskyldustundir á laugardögum verða á sínum stað í samvinnu Menningarhúsanna allra. Börnum gefst

svo enn færi á að lesa fyrir hunda og enn er fjölmargt ótalið.

„Það eru skemmtilegir viðburðir á næsta leiti, Rappsmiðja Reykjavíkurætra fyrir 9-12 ára verður 23. september og svo má nefna að við verðum í samstarfi við söngdeild FÍH í vetur en nemendur af framhaldsbraut þar verða með ljúfa hádegisjazztónleika síðasta fimmtudags hvers mánaðar hér á safninu. Svo er okkar frábæri bæjarlistamaður, Lilja Sigurðardóttir, með skemmtilegan bókaklúbb í vetur þar sem glæpasagan er skoðuð út frá alls kyns sjónarhornum,“ segir Lísá. Dagskrá vetrarins má sjá í heild sinni á vefsíðu bókasafnsins.

„Mikill metnaður er settur í viðburði safnsins og við kappkostum við að veita gestum okkar fjölbreytta og áhugaverða viðburði, eitthvað við allra hæfi. „Sjáumst á bókasafninu,“ segir Lísá að lokum.

LEIKSKÓLAR

Sex tímar gjaldfrjálsir samkvæmt nýrri gjaldskrá leikskóla í Kópavogi

Ný gjaldskrá leikskóla í Kópavogi var samþykkt á fundi Bæjarráðs fimmtudaginn 6. júlí. Í henni felst að sex tíma dvöl eða skemmri verður gjaldfrjáls, en áfram verður greitt fæðisgjald.

Dvalargjöld umfram sex tíma taka hækkunum sem fara stigvaxandi með auknum dvalartíma. Komið verður til móts við tekjulág heimili með tekjutengdum afslætti. Foreldrum í Kópavogi gefst kostur á að hafa dvalartíma barna breytilegan eftir vikudögum sem mun auðvelda skipulagningu styttri dvalartíma.

Til þess að skýra betur í hverju breytingarnar felast og svara spurningum sem kunna að vakna hefur upplýsingasíða á kopavogur.is verið opnuð.

Þrettán fulltrúar allra hagaðila sátu í starfshópi sem vann tillögur

að breytingum á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla í Kópavogi. Vonast er til að breytingarnar stytta dvalartíma barna í leikskólum en tillögur hópsins byggja á þeirri sýn að velferð og vellíðan barna sé best borgið með hæfilega löngum leikskólaladegi. Skipulagt leikskólalastarfráttun mun einkum fara fram milli 9 og 15 en opnunartími verður óbreyttur frá 7.30 til 16.30.

Meginmarkmið breytinganna er að bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks í leikskólum og efla um leið faglegt skólalastarfráttun enda leikskólinn fyrsta skólalastarfráttun.

MYGLAN


Húsnæðismál velferðarsviðs

Velferðarsvið Kópavogs-bæjar er ekki lengur með starfsemi í Fannborg 6. Slæm loftgæði eru í húsinu sem haft hefur áhrif á starfsfólk hússins og sýna nýjustu mælingar há gildi myglugróar. Því eru ekki forsendur fyrir því að velferðarsvið starfi þar áfram.



Starfsfólk færir í heimavinnu eins og sakir standa en unnið er að lausn húsnæðismála til lengri og skemmri tíma.

Símsvörun og móttaka erinda velferðarsviðs færir að Digranesvegi 1 frá og með mánudeginum 28. ágúst.



LJÓÐSTAFUR JÓNS ÚR VÖR 2024



Kópavogsbær

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar efnir til samkeppni um Ljóðstaf Jóns úr Vör.

Öllum skáldum er velkomið að taka þátt en ljóðið má ekki hafa birst áður.

Ljóði skal skilað í einu eintaki sem merkt er dulnefni. Með eintakinu skal fylgja eitt lokað umslag merkt dulnefninu sem inniheldur upplýsingar um nafn, símanúmer og netfang skáldsins. Einungis umslög sem tilheyra vinnings- og viðurkenningarljóðum verða opnuð en öllum öðrum gögnum eytt. Ljóðstafurinn verður afhentur ásamt viðurkenningum sunnudaginn 21. janúar 2024 við hátíðlega athöfn í Salnum en þá verða liðin 22 ár síðan Ljóðstafurinn var fyrst veittur.

Nánari upplýsingar: meko@kopavogur.is

SKILAFRESTUR Í KEPPNINA ER TIL OG MEÐ 5. NÓVEMBER 2023.

Utanáskrift umslags er: Ljóðstafur Jóns úr Vör Menning í Kópavogi Digranesvegi 1 200 Kópavogi

MEKÓ
MENNING Í KÓPAVOGI
Lista- og menningarráð Kópavogs

HEILSURÆKT & SUND

Í KÓPAVOGI



NÆLDU ÞÉR Í ÁRSKORT

Reebok
FITNESS

KÓPAVOGS- & SALALAUG

ÞÚ FÆRÐ:



Frítt í sund:
KÓPAVOGS- & SALALAUG

Fullorðnir: **65.650 kr** á ári

67+ og 12-17 ára: **38.350 kr** á ári

*Ath þessi kort gilda aðeins í Reebok Fitness í Salalaug og Kópavogslaug

Sjá nánar á:

WWW.REEBOKFITNESS.IS/KOPAVOGUR



Tinna Jökulsdóttir, sjúkráþjálfari.

FORVÖRN

Sjúkráþjálfari landsliðs- ins kennir krökkum fyrirbyggjandi æfingar

Foreldrar stelpna í 5.flokki í handbolta hjá HK höfðu nýverið samband við Tinna Jökulsdóttur, sjúkráþjálfara A-landsliðs kvenna í handbolta sem starfar í Sporthúsinu, og báðu hana um að halda námskeið fyrir stelpurnar. Námskeiðið fjallaði um fyrirbyggjandi æfingar gegn meiðslum, teygjur, liðkun, samhæfingu og snerpu.

Síðustu ár hefur Tinna verið að vinna með verkefnið Fókusþjálfun sem fræðir unga iðkendur um mikilvægi þess að teygja á og liðka vöðvana. „Ég nota mikið æfingar sem snúa að jafnvægi, samhæfingu og víðsýni. Þær eru fjölbreyttar og öðruvísi en hefðbundnar handboltaæfingar,“ segir Tinna. Hún segir að í starfi sínu sem sjúkra-

þjálfari hafi hún tekið eftir því að ungir iðkendur, sem eru ef til vill að stækka hratt og æfa af miklum ákafa, voru að fá ýmsa stoðkerfiskvilla sem voru jafnvel farin að halda þeim frá þátttöku í íþrótt sinni. „Oft var lausnin einföld, til dæmis að teygja betur á, gera hreyfiteygjur fyrir æfingar eða rúlla réttu líkamspartana. Því datt mér í hug að búa til

námskeið sem myndi kenna krökkunum líkamsvitund og innleiða nýjar venjur í þjálfun ungmenna.“

Tinna nefnir sem dæmi 12 ára dreng sem búinn var að taka verulegan vaxtarkipp. Hann kom til hennar í sjúkráþjálfun því hann þurfti að hvíla íþróttaiðkun í nokkurn tíma. „Hann lærði fjórar einfaldar hreyfiteygjur sem hann

gerði samviskusamlega á hverjum morgni áður en hann fór í skólann. Þessi ungi maður gat fljótlega farið að æfa aftur með félögum sínum. Hann gat svo viðaldið þessum árangri með að grípa í þessa einföldu liðkunar-rútinu ef einkenni hans fóru að gera vart við sig aftur. Auðvitað er svarið ekki alltaf svo einfalt en að mínu mati er aukin

líkamsvitund hjá ungmennum alltaf stór plús.“

Markmið Tinna með útbreiðslu Fókusþjálfunar er að allir ungir íþróttaiðkendur fái betri innsýn í líkamlega færni sína sem nýtist sem hugsanleg forvörn gegn meiðslum og jafnvel sem gott veganesti í eflingu lýðheilsu.



Skemmtilegt tónlistarnám



Nú er opið fyrir umsóknir í eftirfarandi tónlistarnám:

- * Gítarnám
- * Píanónám
- * Trommunám
- * Rafbassanám
- * Söngnám

Tónsalir er rytmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu.




Tónsalir ...BARA GAMAN...

Ögurhvarf 4A. Sími 534-3700. www.tonsalir.is

Upplýsingar og innritun á
www.tonsalir.is

Sýnum tillitssemi og klippum trjágróður frá stéttum og stígum



Við hvetjum íbúa til að huga að trjágróðri við lóðarmörk

Gróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur þrengt að umferð og nauðsynlegri þjónustu á göngustígum, gangstéttum og götum og dregið úr öryggi vegfarenda. Þá þarf að snyrta gróðurinn þannig að allir komist ferða sinna án hindrana. Einnig þurfa umferðarmerki að sjást vel og gróður má ekki byrgja götu- og stígalýsingu.

Lóðarhafa er samkvæmt byggingarreglugerð skylt að halda vexti trjáa og runna á lóðinni innan lóðarmarka.

Ábendingum um trjágróður sem er „til vandræða“ skal koma á framfæri með að senda inn ábendingu á ábendingavef Kópavogsbæjar af heimasíðu Kópavogs – www.kopavogur.is/is/abendingar



Kópavogsbær

kopavogur.is



BREIÐABLIK

FRJÁLSAR



HJÓLREIÐAR



HLAUPAHÓPUR



KARATE



KNATTSPYRNA



KRAFTLYFTINGAR



KÖRFUBOLTI



SKÁK



SKÍÐI



SUND



TAEKWONDO



ÞRÍÞRAUT



Fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna

VETRARSTARFIÐ 2023-2024

WWW.BREIDABLIK.IS

ÍÞRÓTTASKÓLI BREIÐABLIKS

Byrjar um miðjan
september. Nánar
auglýst síðar

Í íþróttaskóla Breiðabliks gefst 2-5 ára börnum (fædd 2018-2021) kostur á að hreyfa sig í skemmtilegu umhverfi undir leiðsögn foreldra og reyndra þjálfara.



SKÓLATÍMI Á LAUGARDÖGUM:

2-3 ára, kl. 8:50-9:40

4-5 ára, kl. 9:50-10:40

SKÓLAGJÖLD:

10 tíma kort á 15.000 kr.


5 tíma kort á 8.000 kr.

SJÁ NÁNAR: www.breidablik.is/ithrottaskoli

Félags- og Tómsfundadeild
Breiðabliks:

RAFÍÞRÓTTIR

Langflottasta og stærsta rafíþróttastaða á Íslandi. 120 Alienware tölvur og 25 PS5 tölvur svo eitthvað sé nefnt. Sjá nánar á www.arenagaming.is og Facebooksíðu Arena Gaming. Reynslumiklir þjálfarar, allir með réttindi frá RÍSí. Upphitun í byrjun æfinga og niðurlag í lokin. Teygjur, yoga, styrktaræfingar og fleira, allt í sérútbúnum herbergjum. Fortnite, Minecraft, FIFA og fleiri leikir. Nánar síðar.





DIGRANESKIRKJA
HJALLAKIRKJA



facebook/hjallakirkja



facebook/digraneskirkja

Digranes- og Hjallakirkja eru í sama prestakalli og vinna að starfi söfnuðanna saman og þjóna í kærleika. Prestar kirknanna eru með viðveru í báðum kirkjum, starfsfólk starfar í báðum kirkjum og sóknarnefndir vinna náið saman. Áskorunin er helst að finna messutíma sem hentar öllum, því ætlum við að bregða á það ráð að messa kl. 11 og 13 fyrstu tvo sunnudaga hvers mánaðar en kl. 11 og 20 næstu tvo sunnudaga. Sunnudagaskólinn verður svo alltaf á sínum stað í Digranes Kirkju kl. 11.

Helgihald

3. september

Digraneskirkja kl. 11
Hjallakirkja kl. 13

10. September

Digraneskirkja kl. 11
Hjallakirkja kl. 13

17. September

Digraneskirkja kl. 11
Hjallakirkja kl. 20

24. September

Hjallakirkja kl. 11
Digraneskirkja kl. 20

Minum á það er alltaf súpa eftir
11 messuna á sunnudögum.

Sunnudagsskóli

Sameiginlegur sunnudagaskóli Digranes- og Hjallakirkju. Íþrótt- og sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11 í Digranes Kirkju. Skemmtileg hreyfing með þrautabraut og leikjum áður en við heyrum biblíusögu, biðjum og syngjum saman.

Foreldramorgnar

Sameiginlegir foreldramorgnar Digranes- og Hjallakirkju. Fimmtudagar kl. 10-11.30 í Digranes Kirkju. Morgunverður og spjall. Fáum góða gesti í heimsókn Umsjón með starfinu hefur Sara Lind Arnfinnsdóttir ásamt prestum kirknanna.

Félagsstarf eldri borgara

Á þriðjudögum verður íþróttafélag aldraðra í Kópavogi með leikfimi í kapellunni kl. 11. Eftir leikfimina er hádegismatur í safnaðarsalnum. Því næst er helgistund í kirkjunni.

Við fáum góða gesti í heimsókn í hverri viku. Einnig ætlum við í ferðir, spila bingó o.fl. Dagskránni lýkur á kaffi og góðum molum. Á fimmtudögum er leikfimi kl. 11 í kapellunni.

Barna- og æskulýðsstarf

Kirkjuprakkarar (6-9 ára) hittast í Hjallakirkju á miðvikudögum kl. 15-16. **TTT (10-12 ára)** hittast í Hjallakirkju á miðvikudögum kl. 16.15-17.15. **Kirkjuprakkarar (6-9 ára)** hittast í Digranes Kirkju á fimmtudögum kl. 15-16. **TTT (10-12 ára)** hittast í Digranes Kirkju á fimmtudögum kl. 16.15-17.15. **Æskulýðsfélagið (8.-10. bekkur)** hittist á fimmtudagskvöldum kl. 20-21.30.

Ath! Fyrir jól verður starfið í Hjallakirkju en eftir jól í Digranes Kirkju. Æskulýðsfulltrúi kirknanna Sara Lind Arnfinnsdóttir leiðir hóp reyndra leiðtoga í barnastarfinu í vetur. Leiðtogar geta komið og sótt börnin í skólann/frístund. Skráning á skramur.is

Bænastundir

Bænastundir kl. 11.45 alla fimmtudaga. Hægt er að senda bænarefni á digranes Kirkja@digranes Kirkja.is

Prjónahópur


Eftir bænastundina á fimmtudögum verður boðið upp á hressingu og prjónahóp. Boðið verður upp á fjölbreytt helgihald í vetur. Við biðjum fólk um að fylgjast vel með á heimsíðum kirknanna digranes Kirkja.is og hjallakirkja.is ásamt Facebook-síðum kirknanna. Messur verða vel auglýstar ásamt öllu starfi kirkjunnar.



Sr. Hildur Sigurðardóttir er nýr prestur í Digranes- og Hjallakirkju. Hildur hefur undanfarin ár búið á Skinnastað í Öxarfirði en flytur nú í bæinn og mun þjóna bæði í Digranes- og Hjallakirkju. Við bjóðum Hildi hjartanlega velkomna!



DIGRANESKIRKJA
HJALLAKIRKJA



Hægt er að velja um æfingatíma og fjölda æfinga á viku

Tennisæfingar hjá Tennisfélagi Kópavogs

Fjölbreyttir æfingatímar fyrir börn og unglinga
Allir krakkar eru velkomnir í prufutíma

Padelæfingar fyrir unglinga



Mini tennis fjör
fyrir 5-7 ára!



Skráning
og frekari
upplýsingar



Tennispaðar og boltar á staðnum
Gott að mæta í íþróttaskóm og
íþróttafötum

Æfingar hefjast 1. september
Upplýsingar um æfingar á TFK.is



.....
MENNING

Gleði á Hamraborg Festival

Hamraborg Festival fór fram í síðustu viku í Hamraborg og í menningarhúsunum í Kópavogi. Hátíðin er þverfaglegur viðburður með sérstaka áherslu á myndlist, staðbundin verk, gjörningalist og samfélagslega þáttöku. Myndlistarsýningar, viðburðir, gjörningalistaverk, tónleikar, upplestur, sýningar, dansverk, götulist og vinnustofur voru öllum opnar. Hamraborg Festival er árleg hátíð sem haldin hefur verið frá árinu 2021 en hátíðin spratt út frá sýningarrýminu Midpunkt sem rekið hefur verið af listamönnum í Hamraborg síðan 2018. Hátíðin er styrkt af Lista- og menningarráði Kópavogs.



Sótt tilboð

5.890 kr.



16" pizza af matseðli og 16" margarita eða hvítlauksbrauð

5.990 kr.



Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

2.790 kr.



Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum

Heimsendingartilboð

5.090 kr.



12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

5.790 kr.



12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegistilboð

2.390 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

2.090 kr.



9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

Castello
PIZZERIA

Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu

Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13



Börnin í fyrsta sæti

Gjaldfrjáls leikskóli – sveigjanlegur dvalartími

Gjaldfrjáls leikskóli í sex tíma á dag, aukinn sveigjanleiki í dvalartíma, tekjutengdur afsláttur leikskólagjalda og heimgreiðslur til foreldra/forsjáraðila eru meðal nýjunga sem taka gildi 1. september.



Kynntu þér málið



Kópavogsbær

kopavogur.is

SAMKÓP minnir á að útvístartími barna og unglinga tók breytingum í september

SAMKÓP eru regnhlífasamtök foreldrafélaga
grunnskóla Kópavogs.



Erum á facebook

samkop.is



S A M K Ó P

AÐSENT

Skipulagsmál á sjálfstýringu

Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá neinum samkomulagið sem bæjarstjóri Kópavogs gerði við fjárfesta um sölu á eignum Kópavogsbæjar án auglýsingar. Ástæðu þess segir bæjarstjóri vera þá að bæjarlandið tengist sameiginlegum bílakjallara og því sé ómögulegt að selja öðrum fasteignirnar. Hvað sem segja má um trúverðugleika þeirrar skýringar þá svarar hún ekki spurningunni um af hverju búið sé að blanda saman skipulagi bæjarlands og landi fjárfesta með þessum meinta ómöguleika.

Haustið 2017 sendi fjárfestingafélagið Vinabyggð erindi til skipulagsráðs þar sem þeir kynna áform sín um að fá 2-3 arkitektastofur til að koma með tillögu að deiliskipulagi. Áformin gerðu ráð fyrir að í samráði við „skipulagsdeild Kópavogsbæjar“ yrði ein tillaga valin og höfundu hennar falið að klára deili-

skipulag til samþykktar, ekki væri um formlega samkeppni að ræða.

Samhliða þessu erindi frá Vinabyggð 2017 var send kynning frá þeim þar sem fram kemur að til að unnt sé að ljúka málinu þurfi Hjálparveit skáta að flytja og að þar geti Kópavogsbær aðstoðað. „Til þess að þetta gangi eftir þarf aðkomu Kópavogsbæjar með úthlutun á nýrri lóð og ættu allir aðilar að málinu að hagnast“ (orðrétt úr erindi Vinabyggðar).

Lagt fram og kynnt, ekki samþykkt

Erindi Vinabyggðar var þarna lagt fram og kynnt, ekki samþykkt. Á þessum tíma var undirrituð formaður skipulagsráðs og eftir að hafa kynnt mér vinnuteikningar sem fylgdu erindinu sendi ég bæjarstjóra tölvupóst með upplýsingum um að þarna væri gert ráð fyrir „brútal byggingarmagni“ sem ég



Theodóra S. Þorsteinsdóttir, oddviti Viðreisnar í Kópavogi.

myndi ekki samþykka. Ekkert gerðist svo í málinu þar til ári seinna þegar nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar tekur framhaldserindi frá Vinabyggð til skoðunar þar sem kynntar voru tillögur arkitektanna. Stuttu síðar er ein tillagnanna tekin til kynningar í ráðinu. Það er rétt að taka það sérstaklega fram að aftur var erindið hvorki samþykkt, né því sýnað,

eingöngu fór fram kynning á því. Forsvarsmenn Vinabyggðar létu það hins vegar ekki trufla sig nokkuð við áformin og héldu áfram að skipuleggja reit sem þeir áttu bara um helming af en Hjálparveit Skáta átti hluta og Kópavogsbær hluta.

Nú hafa bæði nýr bæjarstjóri og fjárfestar haldið því fram að ég hafi skipt um skoðun og hafi meiri áhuga á að fara í manninn en málið. Það er reyndar áhugavert að engin leið er að gera greinarmun á orðræðu nýja bæjarstjórans og fjárfestanna sem fengu fasteignirnar án útbods. Fyrir þeim málflutningi er hins vegar ekki fótur fyrir. Þvert á móti. Ég er heldur ekki eina manneskjan sem hefur haft skoðun á því hvernig haldið hefur verið á málinu í stjórnkerfi Kópavogsbæjar. Forstjóri Skipulagsstofnunar til langs tíma, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, sérfræðingur í skipulagsmálum, setur stórt spurningamerki við stjórnsýslu Kópavogsbæjar og segist ekki þekkja dæmi um að einkaaðili taki upp á sitt eisdæmi og án samþykkis að vinna deiliskipulag á reit þar sem þriðji aðili er fasteignareigandi og sveitarfélagið sé lóðarhafi. „Þetta held ég að hljóti að vera mjög óvenjulegt fyrirkomulag, ef ekki einstakt“ er haft eftir fyrrum forstjóra Skipulagsstofnunar. Hún bætir við að lagabókstafurinn sé skýr um að ef

einkaaðili eigi að fá heimild til að vinna deiliskipulagstillögu þurfi hann umboð bæjarins og samþykki bæjarstjórnar fyrir. Hvorugt lá fyrir í tilviki Vinabyggðar og verulega hafi skort á formfestu og skjalfestingu málsins. Því má segja að þarna sé um ræða óleyfisframkvæmd.

Hinn meinti ómöguleiki er varðar sameiginlegan bílakjallara sem vísað er til af bæjarstjóra er svo einfaldlega sú staðreynd að fjárfestar, sem einhverra hluta vegna hafa ekki talið sig þurfa formlega afstöðu bæjarins, hafa nú rutt sér leið fram hjá stjórnsýslu Kópavogsbæjar, án nokkurs viðnáms þeirra sem falin hefur verið hagsmunagæsla bæjarins og hafa nú fengið samþykki Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fyrir deiliskipulagi með „brútal byggingarmagni“ sem inniheldur meðal annars þennan sameiginlega bílakjallara.

Vinabyggð seldi fasteignir sínar á síðasta ári með þeim auknu byggingarheimildum sem birtast í hinu nýja deiliskipulagi, um 12.000 fermetrar, fyrir 1,5 milljarð króna. Kaupandinn er félagið Fjallasól. Kópavogsbær seldi sinn hluta til Fjallasólar einnig fyrir 1,5 milljarð króna en án auglýsingar. Hér hefur því markaðurinn skipulagt samfélagið sem okkur kjörnum fulltrúum er ætlað að gera.

AÐSENT

Skipulag fyrir eina prósentíð

Bæjarstjóri Kópavogs undirritaði á dögunum samkomulag við fjárfestana í félaginu Fjallasól um sölu á verðmætum lóðum og tilheyrandi byggingarrétti við sjávarsíðuna á Kársnesi. Fjalla-

sól, sem er dótturfélag Langasjávar sem á meðal annars leigufélagið Ölmú, fékk kaupréttinn á silfurfati án auglýsingar þrátt fyrir ákvæði í reglum Kópavogsbæjar um lóðaúthlutun að allar lóðir skuli auglýstar.



Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, oddviti Pírata í Kópavogi.

Rökstuðningur bæjarstjóra fyrir þessum vafasama gjörningi er að sameiginlegur bílakjallari skapi flækjustig og gera þurfi ráð fyrir að

reiturinn allur verði ein lóð – vel að merkja eitthvað sem var algjörlega fyrir séð þegar meirihlutinn afgreiddi deiliskipulagið nýlega. Merkilegt nokk þá er þó samt sem áður í samkomulaginu gert ráð fyrir að stofnaðar verði lóðir fyrir hvern byggingarreit og bæjarráð geti samþykkt framsal á lóðum eða byggingarrétti og reyndar enn fremur að Kópavogsbær skuli leitast við að samþykkja nýja framsalshafa. Það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að skipta lóðunum hreinlega strax upp og úthluta í samræmi við samþykktar reglur bæjarstjórnar.

Villandi svör til Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun, sem hefur eftirlit með framkvæmd skipulagslaga óskaði í vor eftir útskýringum frá Kópavogsbæ um hvernig markmið aðalskipulags um fjölbreytt framboð íbúða og mismunandi búsetuform fyrir alla félagshópa og húsnæði á víðráðanlegu verði yrði uppfyllt á skipulagssvæðinu.

Í svörum Kópavogs segir að markmiðið sé að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetu-

kosta fyrir alla félagshópa, að allir geti orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á víðráðanlegu verði og að grunnþjónusta standi öllum til boða. Stefnit sé að gerð uppbyggingarsamninga og vísað til fyrri samninga þar sem lögð er rík áhersla á hagkvæmt og fjölbreytt úrval íbúðagerða, bæði litlar og stærri eignir á víðráðanlegu verði, ákvæði um að 15-20% byggðra íbúða á svæðinu verði fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð, með áherslu á minni íbúðareiningar, og skilyrði um að 4-5% af byggðum íbúðum á svæðinu uppfylla skilyrði hlutdeildarlána.

Í nýundirrituðu samkomulagi bæjarstjóra eru þó engin slík ákvæði. Aðeins er kvöð um að 10% íbúða verði 1-3 herbergja íbúðir sem eru minni en 90 fermetrar og nægir að þær séu skilgreindar leigubúðir en skilyrði er um að þær verði ódýrar líka. Það er þess vegna engan veginn verið að mæta framboði fyrir fjölbreytta hópa Kópavogsbúa sem eru í húsnæðisleit og allar líkur á að í þessari nýju byggð verði fyrst og fremst rými fyrir okkar ríkasta eina prósent.

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Auglýstu líka á kopavogsbladid.is

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Kópavogi

GLUGGAVINIR
Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is

Arion banki

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m, Kópavogi
www.bilarogtjon.is

BÍLRÚÐAN
Smiðjuvegi 14 Græn gata,
200 Kópavogi
www.bilrudan.is
S: 552 5755

CAR-MED
bilaverkstæði
Dalvegi 24, 201 Kópavogur
S: 571 7030, www.car-med.is

BÍLRÚÐU MEISTARINN
Vinum fyrir öll tryggingafélög
Dalvegi 18, 201 Kópavogur
S: 5711133

Flutningsþjónusta Miklaels
Flytjum það sem þú vilt flytja
Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur
S: 894 4560, www.flytja.is

FRAM
ALMENNT VERKSTÆÐI
DEKJAFJÓNUSTA
RAFMAGNSVIÐGERÐIR
3D HJÓLASTILLING
A/V KÆLKERFI
Dalvegi 28, 201 Kópavogi
S: 6943279 bverk.fram@gmail.com

MEKÓ

DAGSKRÁ SEPTEMBER 2023

Menning á
miðvikudögum kl. 12:15

Fjölskyldustundir
á laugardögum kl. 13:00

6/9 kl. 17

Rölt um Kársnesið

Anna María Bogadóttir,
arkitekt

Hefst við Sundlaug Kópavogs



2/9

Haustkarnival í Kópavogi

Fjölbreytt dagskrá í
menningarhúsunum og á
útisvæði



13/9

Leiðsögn um FORA

Guja Dögg Hauksdóttir ásamt
Rósu Gísladóttur



9/9

Menningarmiðjan

kynning og hugarflug



20/9

Leslyndi | eftirlætisbækur

Pétur Gunnarsson,
rithöfundur



16/9

Fíflast með fíflum

List án landamæra



23/9

Reykjavíkurdætur

rappsmíðja



27/9

Ástin, bjartsýnin og
andskotans blaðrið í fólkinu


Marína Ósk Þórólfsdóttir og
Sunna Gunnlaugsdóttir



30/9

Sjávarlíf

grafíksmíðja



Bókasafn Kópavogs

Gerðarsafn

Náttúrufræðistofa

Salurinn

Menning í Kópavogi

Menning á
miðvikudögum,
Foreldramorgnar
á fimmtudögum og
Fjölskyldustundir á
laugardögum
eru í boði lista- og
menningarráðs
Kópavogsbæjar.
Aðgangur er ókeypis
og öll velkomin!

Foreldramorgnar
á fimmtudögum kl. 10:00

Aðrir fastir dagskrárliðir:

21/9

Slysavarnir barna

Herdís L. Storgaard



2/9 Lesið fyrir hunda

14/9 Lesið á milli línanna

16/9 List án landamæra | sýningaropnun

17/9 FORA | sýningarlok

20/9 Hananú

24/9 Tímaferðalag um tónsmíðar
Wagners | Klassík í Salnum

28/9 Söngdeild FÍH | hádegistónleikar

28/9 Tvíhöfði | Af fingrum fram

29/9 Una Torfa | Söngvaskáld

30/9 Skúlpúr / Skúlpúr | opnun

ÞYKJÓ

opið daglega kl. 12-18

GERÐUR grunnsýning

opið daglega kl. 12-18

HEIMKYNNI

opið mán-fös kl. 8-18
og lau kl. 11-17

Hannyrðaklúbburinn

Kaðlín

alla miðvikudaga



AÐSENT

Staðið vörð um hagsmuni Kópavogs

Eftir sex ára deiliskipulagsferli var nú í sumar samþykkt ný 150 íbúða byggð í stað iðnaðarhúsnæðis við Kársneshöfnina. Byggðin er lágreið með tveggja til þriggja hæða húsum og nokkrum inndregnum fjórðu hæðum.

Á reitnum eru nokkrar fasteignir og lóðir sem hafa verið í eigu Kópavogsbæjar, Hjálparveit skáta í Kópavogi og fyrirtækisins Vinarbyggð. Kópavogsbær keypti fasteignir skátanna eftir nokkra ára samningaviðræður en ljóst var að sveitin þurfti meira pláss og munu nýjar höfuðstöðvar Hjálparveitarinnar rísa í efri byggðum Kópavogs. Á síðasta ári seldi Vinarbyggð sínar lóðir til Fjallasól. Þar með voru einungis tveir eigendur á þeim fasteignum og lóðum á reitnum; Kópavogsbær og Fjallasól.

1,5 milljarður króna

Meginreglan hjá Kópavogsbæ er að lóðir til sölu eru auglýstar og markmiðið ávallt að fá hámarksverð fyrir hverja lóð. Minnihlutinn í bæjarstjórn hefur gagnrýnt sölu á hluta lóða til Fjallasól án auglýsingar.



Hjördís Ýr Johnson, bæjarfulltrúi og formaður skipulagsráðs.

Hér þarf hins vegar að horfa á heildarmyndina. Á reit 13 er skipulagið þannig að sameiginlegur bílarkjallari, sem mun liggja undir íbúðarbyggðinni, tengir lóðirnar að hluta saman ásamt nokkrum íbúðum ofanjarðar. Þá þarf að skerða fyrrum skátalóðina vegna legu borgarlínunnar sem mun liggja þar í gegn. Það var því nánast ómögulegt og mjög óhagstætt fyrir Kópavog að bjóða út lóðina. Með samningi við Fjallasól náði Kópavogsbær hins vegar að fá markaðsverð fyrir lóðirnar en til grundvallar var kaupsamningur Vinarbyggðar við Fjallasól. Að auki greiðir Fjallasól ákveðið bygginga-

réttargjald, gjald sem er hærra en áður hefur verið samið um. Enn á Kópavogur lóð á reitnum sem ekki er hluti af sameiginlegum bílarkjallara og verður sú lóð að sjálfsgöðu auglýst til sölu.

Með þessari leið voru hagsmunir Kópavogsbæjar hafðir í fyrirrími. Samningurinn sem hljóðar upp á 1.5 milljarð króna, tryggir ekki einungis markaðsverð fyrir lóðirnar heldur einnig þátttöku byggingaraðilar við uppbyggingu innviða á svæðinu og þar á meðal er Kópavogshöfnin.

Nú þegar samkomulag er höfn við uppbyggingaraðila á reit 13 er næsta skref að hefja deiliskipulagsvinnu tengt hafnarvæðinu. Samkvæmt aðalskipulagi er markmiðið, að höfnin verði geðþrýðishöfn/yndishöfn með blandaðri notkun íbúða, verslunar og þjónustu. Umhverfi hafnarinnar á að vera fallegt og aðlaðandi með skemmtilegum göngu- og hjólastígum allt í kring. Samkvæmt aðalskipulagi er jafnframt gert ráð fyrir stækkun smábátahafnarinnar sem býður upp á marga spennandi möguleika. Aðstaða seglskúta og annarra smábata mun eflast, möguleikar á ferðatengdri þjónustu opnast og þar mætti sjá fyrir sér t.d. kaffihúsi, aðstöðu til sjóbaða og afslöppunar. Þessi hönnunarvinna er ekki hafin en vonir standa til að hægt sé að hefja hana fljótlega og þá í samvinnu við íbúa og það verður vel auglýst þegar þar að kemur.



AÐSENT

Betri leikskólar fyrir alla í Kópavogi

Á fyrsta ári mínu sem bæjarstjóri setti ég í forgang að heimsækja sem flesta leikskóla Kópavogs, til að hitta starfsfólk og heyra hvað veldur hinni slæmu stöðu í mönnunarmálum skólanna. Í þeim heimsóknum kvað nær undantekningalaust við sama tón, viðvarandi álag og streita í starfi skapar óviðunandi umhverfi fyrir börn og starfsfólk.

Staðreyndin er sú að þrátt fyrir sumtalsverða hækkun launa undanfarin ár, aukin réttindi og styttingu vinnuvikunnar hefur staðan í leikskólum ekki skánað, heldur þvert á móti versnað. Viðvarandi álag og veikindi hafa valdið því að deildir eru lokaðar heilu og hálfu dagana og jafnvel tómar sökum manneklu. Þessi staða hefur ekki síður valdið streitu og álagi hjá foreldrum leikskólabarna sem fá ekki þá þjónustu sem bæjarfélagið hefur lofað að veita.

Á sama tíma hafa leikskólajöld lækkað að raunvirði og kostnaðarþátttaka foreldra farið úr því að vera 20% í 12% á örfáum árum. Margir foreldrar kannast við það að skrá auka klukkutíma í dvalartíma til að hafa „auka svigrúm“ út af umferðinni eða ef eitthvað kemur upp í vinnunni. Skiljanlega, sjálf gerði ég það með mín börn í leikskóla. Vandinn er hins vegar sá að mönnun og rekstur leikskóla byggir á skráðum dvalartíma en ekki raun dvalartíma. Þennan auka klukkutíma þarf alltaf að manna og í mikilli manneklu getur það reynst oft á tíðum mjög erfitt.

Í grunninn byggja þær breytingar sem Kópavogsbær hefur ákveðið að framkvæma, á því að fyrstu sex klukkustundirnar verða gjaldfrjálstar en aðrar klukkustundir kosta meira. Áfram verður staðið vörð um tekjulág heimili og verða afslættir innleiddir samhliða. Þá verður sveigjanleiki aukinn samhliða svo foreldrar geti skráð barn sitt með mismunandi dvalartíma á dögum vikunnar.

Með þessum breytingum er verið að biðla til foreldra að skrá dvalartíma barna í takt við raunnýtingu og nýta sveigjanleikann til að draga úr dvalartíma á ákveðnum dögum. Vissulega er það þannig að sumir foreldrar hafa ekki tók á því



Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs.

að breyta dvalartíma barna sinna, sem er skiljanlegt. Þau börn fá hins vegar á móti betri þjónustu, í rými sem eru færri börn í lok dags.

Breytingar á starfsumhverfi leikskóla eru ekki úr lausu lofti gripnar heldur byggja á ráðleggingum fagaðila. Mikil og víðtækt samráð var haft við mótun tillagna á öllum stigum við starfsfólk, leikskólastjórnendur, fulltrúa foreldra, fulltrúa stéttarféлага og kjörna fulltrúa. Þá hafa foreldrafundir verið haldnir í öllum leikskólum Kópavogs til að kynna breytingarnar og hlusta á ábendingar foreldra. Þegar hafa komið fram góðar ábendingar frá foreldrum sem verða skoðaðar vel og vandlega.

Nú á fyrstu vikunum erum við að sjá jákvæðar breytingar, foreldrar eru að stytta dvalartíma, leikskólakennarar eru að koma til starfa til baka úr grunnskólum og almennur áhugi virðist vera að vinna á leikskólum bæjarins.

Það var ekki í boði að gera ekki neitt! Kópavogsbær boðar róttækar breytingar í leikskólumálum, kanski eru þær ekki fullkomnar en við trúum því að þær leiði til hins betra fyrir alla. Markmiðið með þessum breytingum er fyrst og fremst að efla leikskóla bæjarins með betri mönnun og bættri leikskólajónustu fyrir börn og foreldra í Kópavogi.

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt
silfurgrátt og dökkgrátt

HAGBLIKK

ÁSKRIFTARSALA HAFIN!

Þegar keyptir eru miðar á alla 7 tónleika
Tíbrá raðarinnar fæst **50% afsláttur** af miðaverði.



Tryggðu þér sunnudaga í Salnum
með sígildri tónlist, lifandi tónleikaumfjöllun
og Krónikukrásum

Förum
varlega
í umferðinni



GAETUM

AÐ YNGSTU VEGFARENDUM Í UMFERÐINNI,
SÉRSTAKLEGA Í GRENND VIÐ SKÓLA

